



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykavík

Samantekt með yfirliti yfir þróun styrkjarpotts MÍT á sviði menningarmála

Á meðfylgjandi yfirliti má sjá hvernig styrkjarpottur MÍT á sviði menningarmála hefur þróast frá árinu 2017 sem heild annars vegar og hins vegar sundurliðað eftir tegundum styrkja (sjá meðfylgjandi yfirlit).

Ef heildarupphæð styrkjarpottsins er uppreiknuð frá árinu 2018 í verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands- en potturinn hefur staðið í stað frá þeim tíma - er niðurstaðan sú að potturinn ætti að standa í rúmum 166 mkr. í stað tæpra 134 mkr. Í skjalinu má sjá að sú hækkun ætti nánast að öllu leyti að skila sér í almenna styrkjarpottinn sem nær yfir verkefnastyrki, samstarfssamninga, Listhóp Reykjavíkur og Úrbótasjóð tónleikastaða í Reykjavík en ekki borgarhátíða. Heildarstyrkir til borgarhátíða hækkuðu árið 2020 úr 41 mkr. í 50 mkr. og verðlagsleiðrétting á þeim potti einum og sér er því einungis um 1mkr. Þess má geta að inni í þessum tölum er ekki að finna sérstaka Covid-aukaúthlutun MÍT árið 2020 sem í ramma nam 46 mkr. en af þeirri upphæð var rúmum 43 mkr. úthlutað.

Regluleg umræða hefur átt sér stað í gegnum árin um hækkun styrkjarpotts MÍT á sviði menningarmála enda er ljóst að hann hefur rýrnað töluvert þegar tekið er tillit til verðlagsþróunar síðustu ára. Snemma í haust var farið í að uppreikna pottinn miðað við verðlagsvísitölu og ræddu starfandi sviðsstjóri MOF og skrifstofustjóri menningarmála þá nauðsynlegu aðgerð að hækka pottinn við formann MÍT. Stuttu síðar var ljóst að fara þyrfti í umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir fyrir árið 2023 og því útilokað að meðbyr yrði með slíkri hugmynd á þessum tímamarki.

Að lokum ber að geta þess að á næsta ári stendur til að fara í heilmikla endurskoðun á styrkjarpotti MÍT, samanber aðgerð 4.6 í aðgerðaráætlun með nýrri menningarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030. Þar er talað um að styrkir til menningarmála verði endurskoðaðir með tilliti til athugasemda sem fram komu í samráði við gerð menningarstefunnar. Upplagt þykir að skoða hækkun styrkjarpottsins þegar sú vinna fer fram.



Styrkir og samstarfssamningar úr samkeppnissjóðum MOF

Úr borgarsjóði	2017	2018	2019	2020	2021	2.022	2023	hlutfall
Listhópur Reykjavíkur	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	
Styrkjapottur borgarsjóður MOF	35.600.000	49.888.000	49.888.000	47.000.000	44.000.000	42.600.000	42.600.000	33%
Samstarfssamningar úr borgarsjóði	31.400.000	44.100.000	47.100.000	29.900.000	29.900.000	31.300.000	31.300.000	23%
Borgarhátíðir	41.000.000	41.000.000	41.000.000	50.000.000	50.000.000	50.000.000	50.000.000	37%
Úrbótasjóður - fært úr/í styrkjapott		0	0	8.000.000	8.000.000	8.000.000	8.000.000	6%
Samtals	110.000.000	136.988.000	139.988.000	136.900.000	133.900.000	133.900.000	133.900.000	100%
Samningur frá borgarráði - Matarhátíð Sigga Hall		-3.000.000	-3.000.000					
Samningur frá borgarráði Hús Vigdísar			-3.000.000	-3.000.000				
Net úthlutunarfé	110.000.000	133.988.000	133.988.000	133.900.000	133.900.000	133.900.000	133.900.000	

Leiðrétting út frá verðlagsþróun	2022
Uppreiknuð heildarupphæð stykjalíðar til úthlutunar (133.900.000) m.v. jan 2018 til sept 2022	166.498.026
* Verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/verdlag/visitala-neysluverds/	Mismunur 32.598.026

Borgarhátíð leiðrétting út frá verðlagsþróun jan 2018 til sept 2022					50.981.472
Borgarhátíðir eru í dag					50.000.000
Borgarhátíð hækkaoi 2020 um 9m.kr. úr 41 m.kr í 50 m.kr svo verðlagshækkun m.v. jan 2018 til sept 2022 er				Mismunur	981.472
Net úthlutunarfé	133.988.000	133.988.000	133.900.000	133.900.000	133.900.000
Borgarhátíðir	-41.000.000	-41.000.000	-50.000.000	-50.000.000	-50.000.000
Net úthlutunarfé án borgarhátíða	92.988.000	92.988.000	83.900.000	83.900.000	83.900.000
Uppreiknuð heildarupphæð án borgarhátíða m.v. jan 2018 til sept 2022 (af 92.900.000)					115.516.554
				Mismunur	31.616.554
				Mismunur samtals	32.598.026

Virðingarfyllst,

Huld Ingimarsdóttir

starfandi sviðsstjóri
menningar- og ferðamálasvið